



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 24. janúar 2019

SFS2013090060

7.3

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### ***Efni: Þjónustusamningar við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík***

Á fundi skóla- og frístundasviðs þann 22. janúar 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna ásamt minnisblaði sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um þjónustusamninga við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík, dags. 17. janúar 2019, drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla, umsögn Landakotsskóla, dags. 22. nóvember 2018, umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 22. nóvember 2018, umsögn Skóla Ísaks Jónssonar, dags. 30. nóvember 2018 og umsögn Tjarnarskóla, dags. 22. nóvember 2018:

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs, með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2019, og fyrirbyggjandi draga að þjónustusamningi, tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt reknu grunnskólana Hjallastefnan Grunnskólar ehf, Landakotsskóla ses, Skóla Ísaks Jónssonar ses, Tjarnarskóla ehf, Suðurhlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn vegna umsóknar til Menntamálastofnunar vegna staðfestingar þjónustusamninganna berist skóla- og frístundasviði innan 30 daga.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga, ódags.

Minnisblað, dags. 17. janúar 2019

Drög að þjónustusamningi

Umsögn Landakotsskóla, dags. 22. nóvember 2018

Umsögn Sjálfstætt starfandi skóla, dags. 22. nóvember 2018

Umsögn Skóla Ísaks Jónssonar, dags. ódags.

Umsögn Tjarnarskóla, dags. 22. nóvember 2018



**Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:**

Skóla- og frístundaráð samþykkir og vísar til borgarráðs, með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 19. janúar 2019, og fyrirbyggjandi draga að þjónustusamningi, tillögu sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt reknu grunnskólana Hjallastefnan Grunnskólar ehf, Landakotsskóla ses, Skóla Ísaks Jónssonar ses, Tjarnarskóla ehf, Suðurhlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Gerður er fyrirvari um að tilskilin gögn vegna umsóknar til Menntamálastofnunar vegna staðfestingar þjónustusamninganna berist skóla- og frístundasviði innan 30 daga.





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík*

Drög að þjónustusamningi við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík voru lögð fram til kynningar í skóla- og frístundaráði þann 11. desember 2018 og eru nú lögð fram til samþykktar og tilvísunar til borgarráðs.

#### *I Forsaga málsins*

Á 85. fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. september 2015 og í borgarráði þann 1. október 2015 var samþykkt tillaga sviðsstjóra um að gerður verði þjónustusamningur við sjálfstætt rekna grunnskóla í Reykjavík auk eins grunnskóla utan Reykjavíkur, á grundvelli framlagðra samningsdraga.

Samningar við sjálfstætt rekna grunnskóla voru undirritaðir þann 20. október 2015 og giltu þeir til 1. nóvember 2018. Frá því að samningarnir voru gerðir hafa verið gerðar breytingar á lögum um grunnskóla og er nú fjallað um sjálfstætt rekna grunnskóla í 43. gr., 43. gr. a til 43. gr. f.

Samkvæmt 43. gr. a skal sveitarfélag sem skóli starfar í gera þjónustusamning um rekstur skólans við rekstraraðila. Samningur felur í sér samþykki sveitarfélags fyrir stofnun skólans, staðfestingu á rétti til fjárframlaga skv. 43. gr. b og skuldbindingu sveitarfélags um að hafa eftirlit með starfi hans.

Til samræmis við 2. mgr. 43. gr. a í lögum um grunnskóla skal ráðuneytið staðfesta þjónustusamning þegar fyrir liggur að öllum lögbundnum skilyrðum er fullnægt. Ekki má hefja skólastarf fyrr en sú staðfesting liggur fyrir. Ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að annast staðfestingu þjónustusamnings og hefur hann gert það.

Menntamálaráðuneyti hefur nú gefið út reglugerð nr. 1150/2018 um sjálfstætt rekna grunnskóla en þar er nánar kveðið á um framkvæmd ákvæða grunnskólalaga, nr. 91/2008, sem fjalla um sjálfstætt rekna grunnskóla. Þar er kveðið á um að sveitarfélag skuli sækja um staðfestingu þjónustusamnings við rekstraraðila til Menntamálastofnunar og að umsókn skuli fylgja tilskilin gögn er varða starfsemi skólans.

## *II Sjálfstætt reknir grunnskólar í Reykjavík*

Skóla- og frístundasvið hefur gert þjónustusamninga við eftirtalda grunnskóla, í samningum er kveðið á um hámarksfjölda reykvískra nemenda og er það sú tala sem birtist í sviganum; Skóli Ísaks Jónssonar ses, kt. 600269-4889 (199 nemendur, upphaflega 161), Landakotsskóli ses, kt. 660505-1210 (234 nemendur, 158 upphaflega), Suðurhlíðarskóli, kt. 440169-3259 (36), Tjarnarskóli ehf, kt. 460188-1999 (53), Hjallastefnan Grunnskólar ehf, kt. 550119-0210<sup>1</sup>(202) Waldorfskólinn Sólstafir, kt. 430694-2199 (67, upphaflega 47).

Í drögum að nýjum þjónustusamningum er gert ráð fyrir óbreyttum fjölda reykvískra nemenda frá núverandi viðmiði að því frátöldu að lagt er til að viðmið um leyfilegan hámarksfjölda nemenda í Hjallastefnan Grunnskólar ehf verði lækkað úr 202 nemendum í 150 nemendur vegna fækkunar nemenda þar undanfarin ár. Skólinn hefur fengið tækifæri til að tjá sig um breytinguna og hefur ekki gert athugasemdir við hana.

## *III Umsagnir um drög að þjónustusamningi og skil gagna*

Skóla- og frístundasvið hefur sent Samtökum sjálfstæðra skóla (SSSK) og sjálfstætt reknum grunnskólum með þjónustusamning bréf þar sem þeim hefur verið gefinn kostur á að veita umsögn um drög að þjónustusamningi auk þess sem óskað hefur verið eftir afhendingu tilskilinna gagna svo hægt sé að gera nýjan þjónustusamning til samræmis við kröfur laga um grunnskóla og reglugerðar um sjálfstætt rekna grunnskóla.

Eftirfarandi umsagnir bárust skóla – og frístundasviði: Umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla, dags. 22. nóvember 2018, umsögn Tjarnarskóla dags. 22. nóvember 2018 og umsögn Skóla Ísaks Jónssonar dags. 30. nóvember 2018. Jafnframt kom fram í tölvupóstsamskiptum skóla- og frístundasviðs við Landakotsskóla og Suðurhlíðarskóla að þeir tæku undir athugasemdir sem fram koma í umsögn Samtaka sjálfstæðra skóla vegna samningsins.

Athugasemdir umsagnaraðila varða m.a. það að samningurinn heyri undir styrkjareglur Reykjavíkurborgar. Skóla- og frístundasvið leitaði álits fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar um það atriði og var það niðurstaða fjármálaskrifstofunnar að styrkjareglur Reykjavíkurborgar giltu um samninginn.

Einnig voru gerðar athugasemdir við að í samningnum væri ekki tekið tillit til þeirrar lögbundnu skyldu grunnskóla að bjóða upp á frístund og að kveða þurfi á um það að sjálfstætt reknum grunnskólum sé heimilt að taka gjald af foreldrum vegna frístundar.

Hvað umrædd atriði varðar vísast til fyrirliggjandi draga að samningi um framlag til sjálfstætt rekinna grunnskóla vegna reksturs frístundaheimila.

Þá hefur að hluta til verið tekið tillit til athugasemda sem varða frest til að skila inn starfsáætlun og upplýsingum um nemendafjölda næsta skólaárs og athugasemdar um lagfæringu orðalags um skiptingu greiðslna framlags.

---

<sup>1</sup> Nýtt rekstrarfélag, Hjallastefnan Grunnskólar ehf. sem er í eigu Hjallastefnunnar ehf., tekur við rekstri Barnaskóla Hjallastefnunnar.

Eftirfarandi er yfirlit yfir viðmið um hámarksfjölda nemenda sem heimilt er að greiða framlag vegna, tillaga um viðmiði og fjöldi reykvískra nemenda 1. október 2018 í skólunum.

Sjálfstætt rekinn grunnskóli	Viðmið SFS um hámarksfjölda nemenda skv. samningi 2015 til 2018	Tillaga viðmiði fjölda	að um	Fjöldi reykv. nemenda í 1. okt. haust 2018
Hjallastefnan Grunnskólar ehf	202	150		90
Landakotsskóli ses	158	234*		223
Skóli Ísaks Jónssonar ses	161	199		160
Suðurlíðarskóli	36	36		27
Tjarnarskóli ehf	53	53		41
Sólstafir	47, m/viðau.67	67		66

\*Af þessum fjölda er heimilt að greiða framlag vegna 70 nemenda í alþjóðadeild skólans sem starfar samkvæmt leyfi menntamálaráðuneytis skólaárið 2018 -2019 á grundvelli þess að um þróunarskóla sé að ræða. Heimildin vegna 234 nemenda nær því til skólaársins 2018 -2019 en að því loknu til 164 nemenda.

#### IV. Kostnaður skóla- og frístundasviðs

Áætlaður árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda í grunnskólum, sem reknir eru af sveitarfélögum, var kr. 1.920.269 í nóvember 2018. Miðað við að greitt sé 75% af þeirri fjárhæð er árlegur rekstrarkostnaður á hvern nemanda kr. 1.440.202.- (dreifist á 9 mánuði, sept-maí)

Fastur kostnaður Reykjavíkurborgar pr. nemanda er kr. 800.388,- Sá kostnaður fellur ekki niður ef laus pláss eru til staðar í grunnskólum Reykjavíkur.

Fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs vegna framlaga til sjálfstætt rekinna grunnskóla miðast við nemendafjölda þeirra að hausti á rekstrarári á undan þ.e. október 2018 vegna fjárhagsáætlunar 2019. Skóla og frístundasvið fær auknar fjárheimildir í samræmi við fjölgun/fækkun og verðlagsbreytingar framlags á fjárhagsárinu. Hækkun viðmiðs um hámarksfjölda skilar því ekki hækkun á fjárheimildum en eins og með magntölur í borgarreknum skólum þá er nemendafjölgun á fjárhagsári ávallt bætt.

Ef skólar nýta heimildina að fullu þá verður heildarkostnaður Reykjavíkur kr. 1.064.309.278 á árinu 2019 með fyrirvara um breytingar þar sem framlag helst í hendur við útreikninga Hagstofunnar. Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir kr. 874.202.614.-

#### V. Tillaga að afgreiðslu

Hjallastefnan Grunnskólar ehf, Landakotsskóli ses, Skóli Ísaks Jónssonar ses og Tjarnarskóli ehf. hafa sent skóla- og frístundasviði flest þau gögn sem nauðsynleg eru svo unnt sé að sækja um staðfestingu Menntamálastofnunar á þjónustusamningum við þá skóla. Ekki hafa borist fullnægjandi gögn hvað varðar Suðurlíðarskóla og Waldorfskólann Sólstafi. Með vísan til

framangreinds er lagt til að samþykkt verði að gera þjónustusamninga við framangreina skóla með fyrirvara um að tilskilin gögn berist innan 30 daga vegna umsóknar um staðfestingu þjónustusamnings.



## ÞJÓNUSTUSAMNINGUR

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, hér eftir SFS og xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx, hér eftir skólinn, gera með sér eftirfarandi þjónustusamning um framlag vegna nemenda í skólanum sem eiga lögheimili í Reykjavík og fósturbarna ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. Samningurinn gildir um rekstur grunnskóla en ekki rekstur frístundaheimilis.

### 1. gr. Skilyrði

Starfsemi og starfsaðstaða skólans skal á hverjum tíma vera í samræmi við gildandi lög um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, reglugerð um sjálfstætt rekna grunnskóla nr. 1150/2018 og lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla nr. 87/2008, með síðari breytingum, önnur lög og reglugerðir sem gilda um starfsemi grunnskóla.

Réttindi og skyldur nemenda skulu vera í samræmi við gildandi grunnskólalög á hverjum tíma, reglugerðir settar samkvæmt þeim og aðalnámskrá grunnskóla.

Um framlagið samkvæmt samningi þessum gilda reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Þess skal getið í kynningarefni skólans að hann njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Skólanum ber að skila skóla- og frístundasviði kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar.

Starfsfólk skólans skal gæta fyllstu þagmælsku um hagi foreldra og barna þeirra sem það fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot á þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Skólinn fylgir ákvæðum laga nr. 91/2008, um grunnskóla og ákvæðum stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 við töku ákvarðana sem eru kærarlegar skv. 47 gr. laga nr. 91/2008, um grunnskóla auk þess sem lög um upplýsingarétt nr. 140/2012 geta átt við um starfsemina.

Til samræmis við lög um grunnskóla ber skólanum að hafa skólanámskrá sem byggir á gildandi aðalnámskrá og ber að skila skóla- og frístundasviði starfsáætlun ár hvert samkvæmt reglum og viðmiðum sviðsins hverju sinni.

Óheimilt er að ráða einstakling til starfa við grunnskóla sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá.

Skólinn fylgir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 enda telst hann ábyrgðaraðili persónuupplýsinga vegna vinnslu þeirra í starfsemi skólans. Skólanum

ber að tryggja að miðlun upplýsinga skv. samningi þessum til skóla- og frístundasviðs sé í samræmi við framangreind lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## **2.gr. Rekstrarframlag**

Framlagið nemur 75% af vegnu meðaltali heildarrekstrarkostnaðar allra grunnskóla sem reknir eru af sveitarfélögum í landinu á hvern nemanda samkvæmt árlegum útreikningi Hagstofu Íslands. Gildir þetta hlutfall fyrir skóla með allt að 200 nemendur. Fjölgi nemendum umfram 200 nemur framlagið 70% af framangreindu vegnu meðaltali fyrir hvern nemanda umfram 200.

Greitt er framlag vegna allt að [tilgreindur fjöldi] nemenda.

Greiðslurnar taka breytingum til hækkunar eða lækkunar eftir útreikningum Hagstofunnar.

Framangreint framlag Reykjavíkurborgar við skólann, sem er framlag vegna reksturs skólans allt árið, verður greitt fyrir 9,5 mánuði sem skiptast í alls 9 greiðslur (sept.-maí) og fer greiðsla fram síðasta virka dag hvers mánaðar fyrir líðandi mánuð. Framlagið miðast við fjölda nemenda í skólanum í yfirstandandi mánuði, sem eiga lögheimili í Reykjavík og nemendur sem eru fósturbörn, ef fósturforeldrar eiga lögheimili í Reykjavík. SFS krefur sveitarfélag sem ráðstafar barni í fóstur um kostnað vegna skólagöngu barns í fóstur hjá fósturforeldrum með lögheimili í Reykjavík.

Um greiðslu kostnaðar vegna stuðnings við nemendur með metnar sérþarfir og nemendur með annað móðurmál en íslensku er vísað til 6. og 7. gr. samningsins.

Skólanum ber að koma réttum upplýsingum um fjölda nemenda til SFS fyrir 5. dag hvers mánaðar til að hægt sé að greiða rétta fjárhæð í lok mánaðarins.

Skólanum er heimilt að taka nemendur í skólann sem ekki eiga lögheimili í Reykjavík en Reykjavíkurborg greiðir hvorki framlag né annan kostnað vegna þeirra.

Skólanum ber að skila til SFS skóladagatali eigi síðar en 1. maí ár hvert og upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 15. júní ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

Skólanum er heimilt að óska eftir breytingu á viðmiði um fjölda nemenda sem greitt er framlag vegna ef sýnt er fram á að fjölgun nemenda verði umfram framangreindan hámarksfjölda nemenda í 1. mgr. 2.gr. samnings þessa. Umsókn skal berast eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal ákvörðun Reykjavíkurborgar vegna beiðni um breytingu á viðmiði liggja fyrir eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 10. júní.

Rekstrarafgang af starfsemi skólans, sem rekja má til opinberra fjárveitinga, skal nýta til að efla skólastarfið. Í ársskýrslu skólans til Reykjavíkurborgar skal gerð grein fyrir því hvernig framangreindur rekstrarafgangur er metinn og hvernig honum er varið.

## **3. gr. Gjaldtaka**

Skólanum er heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða.

#### 4. gr.

##### **Innritun nemenda**

Skólanum ber að setja sér reglur um innritun nemenda sem byggðar skulu á ákvæðum grunnskólalaga um skóla án aðgreiningar þar sem allir nemendur eiga sama rétt til að innritast í skólann án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis.

#### 5. gr.

##### **Sérfræðiþjónusta**

Skólinn á rétt á sömu sérfræðiþjónustu og almennir grunnskólar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar í því hverfi sem skólinn er staðsettur.

#### 6. gr.

##### **Stuðningur við nemendur með sérþarfir**

Skólinn getur sótt um fjármagn vegna sérstaks stuðnings fyrir nemendur með metnar sérþarfir, samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma. SFS greiðir 45% af úthlutaðri fjárhæð vegna haustannar fyrir 1. nóvember og 55% vegna vorannar fyrir 1. apríl. Umsóknir um fjármagn samkvæmt þessari grein skulu hafa borist skóla- og frístundasviði fyrir 1. október vegna haustannar og fyrir 1. mars vegna vorannar. Þarfnist nemandi með lögheimili utan Reykjavíkur sérstakrar aðstoðar eða aukins stuðnings semur skólinn sérstaklega um viðbótargreiðslur við viðkomandi sveitarfélag.

#### 7. gr.

##### **Nemendur með annað móðurmál en íslensku**

Skólinn getur sótt um úthlutun fjármagns samkvæmt reglum SFS á hverjum tíma vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í Reykjavík. Um kostnað vegna kennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna sem eiga lögheimili í öðrum sveitarfélögum, semur skólinn sérstaklega við viðkomandi sveitarfélag.

#### 8. gr.

##### **Upplýsingar, mat og eftirlit**

Skólinn skal lúta sama eftirliti með innra starfi og aðrir grunnskólar í Reykjavík. Þeir skulu framkvæma innra mat með því að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Skólanum ber að birta á heimasíðu sinni upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

SFS framkvæmir ytra mat og ber skólanum að láta sviðinu í té allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma matið og til að sinna að öðru leyti eftirlitsskyldu sinni.

Við undirritun samnings þessa liggur skólanámskrá skólans fyrir. Skólastjóra er skylt að endurskoða skólanámskrána reglulega og leggja hana fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Starfsáætlun skólans fyrir komandi skólaár skal send skóla- og frístundaráði til staðfestingar fyrir 1. október ár hvert.

**9. gr.**  
**Ársskýrsla**

Skólinn skal skila ársskýrslu ásamt endurskoðuðum ársreikningi til SFS fyrir 1. maí ár hvert fyrir liðið fjárhagsár.

**10. gr.**  
**Fundir og námskeið fyrir skólastjórnendur**

SFS skal upplýsa og bjóða stjórnendum skólans á reglubundna fundi sem yfirstjórn SFS heldur með skólastjórnendum í Reykjavík. Jafnframt skal bjóða stjórnendum skólans að sækja námskeið á vegum SFS gegn greiðslu kostnaðar.

**11. gr.**  
**Endurskoðun samnings**

Ef upp koma breytingar í starfsumhverfi viðurkenndra grunnskóla sem reknir eru af öðrum en Reykjavíkurborg er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun samningsins með tilliti til þeirra.

**12. gr.**  
**Framsal**

Samningsaðilum er óheimilt að framselja réttindi sín og/eða skyldur samkvæmt samningi þessum, í heild eða að hluta, nema að fyrirframfengnu skriflegu samþykki hins.

**13. gr.**  
**Force Majeure**

Hvorugur aðili verður talinn hafa brotið gegn samningi þessum, þegar honum er ókleift að uppfylla samningsskyldur sínar vegna atvika, sem rekja má til óviðráðanlegra ytri atvika (force majeure), s.s. vegna alvarlegra slysa, stríðsátaka, náttúruhamfara, deilna á vinnumarkaði, fyrirmæla stjórnvalda eða annarra óvæntra og ófyrirséðra atvika, sem samningsaðilum er ekki unnt að fyrirbyggja.

**14. gr.**  
**Gildistími og uppsögn**

Samningurinn tekur gildi [dags. ]. Samningurinn gildir til þriggja ára og fellur brott án uppsagnar að þeim tíma liðnum. Litið er svo á að samningur aðila [dags. ] hafi haldið gildi sínu fram að gildistöku þessa samnings. Gerður er fyrirvari af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar SFS eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Þjónustusamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins árs fyrirvara.

**15. gr.**  
**Endurkrafa á ofgreiddu framlagi og vanefndir**

Komi í ljós að SFS hafi ofgreitt framlag af einhverjum ástæðum, t.d. vegna rangra upplýsinga eða mistaka mun SFS lækka framlag til skólans við næstu greiðslu sem því nemur eða krefjast endurgreiðslu. Skólinn getur óskað eftir að endurgreiðslu verði skipt á þrjá mánuði.

Komi til vanefnda af hálfu annars hvors aðila samnings þessa er hinum aðilanum heimilt að grípa til viðeigandi vanefndaúrræða. Sé um verulega vanefnd að ræða er heimilt að grípa til riftunar að undangengnum hæfilegum fresti til úrbóta.

**16. gr**  
**Fyrirvari um staðfestingu á þjónustusamningi**  
**Afturköllun staðfestingar**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu Menntamálastofnunar, sbr. 2. mgr. 43. gr. a. laga nr. 91/2008, um grunnskóla.

Afturkalli Menntamálastofnun staðfestingu sína á þjónustusamningi þessum fellur samningurinn úr gildi án uppsagnar.

**17. gr.**  
**Varnarþing**

Komi til þess að mál verði höfðað vegna ágreinings um samning þennan skal það rekið fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

**18. gr.**  
**Undirritun**

Samningur þessi er gerður í tveimur (2) samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki. Öllu framangreindu til staðfestu rita til þess bærir fyrirsvarsmenn/fulltrúar aðila nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, \_\_\_\_\_ janúar 2019

\_\_\_\_\_  
F.h. Skóla - frístundasviðs Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_  
F.h. xxxx (nafn skóla)

Vottar að réttri dagsetningu, undirritunum og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_





Drög að nýjum þjónustusamningi - Óskað umsagnar  
Almennt: Tölvupóstur  
Málsnúmer: SFS2013090060  
Bréfalyklar: 7.3 Sjálfstætt reknir grunnskólar (Hér m.a. rekstrarleyfi, þjónustusamninga og greiðslur vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla)  
Eigandi skjals: Anna María Arnardóttir  
Staða: Í vinnslu  
Dagsetningar:  
Búið til: 30.11.2018 00:00:00  
Dagsetning skjals: 30.11.2018

Upplýsingar um viðskiptavin:

Skjalalykill	7.3 Sjálfstætt reknir grunnskólar (Hér m.a. rekstrarleyfi, þjónustusamninga og greiðslur vegna sjálfstætt rekinna grunnskóla)	Málsnúmer	SFS2013090060
Móttökudags.	30.11.2018	Skráð í GoPro	30.11.2018

Viðtakandi	Sendandi
Deild (Ráðhúss)	Fyrirtæki/stofnun
Starfsmaður	Nafn
	Kennitala:

Tegund skjals	Tölvupóstur	Fyrir Borgarráð
Efnisorð		

Sent: Sent til:

Frá: Guðrún Sigtryggsdóttir  
Dags: 30.11.2018 11:10:56  
Til: Elín Norðmann  
Afrit: SFS  
Efni: FS: Drög að nýjum þjónustusamningi - Óskað umsagnar

Sæl Elín hér koma upplýsingar í tengslum við svar vegna samninganna.  
Bið Skjalaver um að fæla.  
kv gs

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Anna Garðarsdóttir  
Sent: fimmtudagur, 22. nóvember 2018 11:20  
Til: Guðrún Sigtryggsdóttir <Guðrun.Sigtryggsdottir@reykjavik.is>  
Efni: FS: Drög að nýjum þjónustusamningi - Óskað umsagnar

Yfir til þín

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Ingibjörg Jóhannsdóttir <Ingibjorg@landakotsskoli.is>  
Sent: fimmtudagur, 22. nóvember 2018 11:18  
Til: Anna Garðarsdóttir <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>  
Efni: RE: Drög að nýjum þjónustusamningi - Óskað umsagnar

Sæl Anna.

Við erum að ganga frá rétttri skráningu stjórnar og það tekur nokkra daga að uppfæra. Það urðu breytingar nú í haust sem ég átti eftir að tilkynna. Ég sendi staðfestingu á skipan stjórnar og staðfestingu frá ríkisskattstjóra þegar búið er að uppfæra skráninguna þar. Um skipunartíma stendur í samþykktum í 9. gr. 4. kafla.

Hér eru samþykktirnar sem birtar eru í starfsáætlun okkar á heimsíðu. Við eigum í vanda með heimsíðuna, hún er flókin og erfitt að finna margt þar svo ég sendi þér slóð:

<https://landakotsskoli.is/index.php/nam-og-kennsla/starfsaaetlun-2017-2018>

Annars vísa ég til sameiginlegra athugasemda sem munu koma frá Samtökum sjálfstætt starfandi skóla í dag varðandi orðalag og fleira í samningsdrögunum.

Bestu kveðjur - Ingibjörg

-----Original Message-----

From: Anna Garðarsdóttir [mailto:anna.gardarsdottir@reykjavik.is]

Sent: 13. nóvember 2018 14:10

To: Ingibjörg Jóhannsdóttir <Ingibjorg@landakotsskoli.is>

Subject: Drög að nýjum þjónustusamningi - Óskað umsagnar

Frumrit mun berast í almennum pósti

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: anna.gardarsdottir@reykjavik.is <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>

Sent: þriðjudagur, 13. nóvember 2018 13:54

Til: Anna Garðarsdóttir <anna.gardarsdottir@reykjavik.is>

Efni: MyQ: Skannað skjal

Sjá skannað skjal í viðhengi

---

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst. Prentaðu á báðar hliðar í svarthvítu ef nauðsyn krefur.



- OutlookMessageContent.msg



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Reykjavík, 22. nóvember 2018

## **Efni: Umsögn um drög að þjónustusamningi við sjálfstætt starfandi grunnskóla í Reykjavík**

SSSK-Samtök sjálfstæðra skóla vísa til erindis skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 19. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um drög að þjónustusamningi borgarinnar við sjálfstætt starfandi grunnskóla. Samtökin hafa kynnt sér fyrirbyggjandi drög að þjónustusamningi og vilja samtökin koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um þau.

Samtökin byrja á að gera athugasemd hvað varðar orðanotkun í fyrirbyggjandi samningsdrögum. Í því samhengi benda samtökin á að í drögnum er vísað til *rekstrarstyrks* þegar fjallað er um framlög til sjálfstætt starfandi skóla. Benda samtökin á að í sameiginlegri umsögn samtakanna og SVÞ -Samtaka verslunar og þjónustu um nágildandi þjónustusamninga, dags. 22. maí 2015, voru gerðar sambærilegar athugasemdir hvað varðar tilvísun í samningnum til *rekstrarstyrkja* í 2. gr. hans, þ.m.t. heiti greinarinnar. Samtökin fagna því að tekið var að hluta til ábendinga samtakanna, þ.m.t. að heiti greinarinnar er nú *rekstrarframlag* en ekki *rekstrarstyrkur*.

Eftir sem áður gefur 3. mgr. 1. gr. samningsdraganna tilefni til að ítreka fyrri athugasemdir samtakanna frá 22. maí 2015 hvað varðar tilvísun til styrkja. Benda samtökin á að í umræddri málsgrein er um framlög borgarinnar til sjálfstætt starfandi grunnskóla vísað til styrkveitinga til handa skólunum. Ráða má að hugtakanotkun borgarinnar, þ.e. tilvísun til styrkja en ekki framlaga, megi rekja til reglna borgarinnar um meðferð, afgreiðslu og eftirfylgni styrkja, samstarfs- og þjónustusamninga, eða svokallaðrar styrkjahandbókar borgarinnar. Þrátt fyrir umrædda reglusetningu borgarinnar þá benda samtökin á að orðanotkun þessi er á skjön við það sem fram kemur í bæði lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, sbr. 3. mgr. 43. gr. b. laganna, og reglugerð um viðurkenningu grunnskóla sem reknir eru af öðrum en sveitarfélögum og skólalald samkvæmt erlendri eða alþjóðlegri námsskrá og námsskipan, nr. 699/2012, sbr. m.a. 6. og 7. gr. reglugerðarinnar, þar sem vísað er til framlaga frá sveitarfélögum.

Í ljósi þessa telja samtökin að borgin geti ekki einhliða breytt tilvísun til lögbundinna framlaga og nefnt þau framlög styrki líkt og gert er í fyrirbyggjandi drögum. Með vísan til þessa leggja samtökin til breytta orðanotkun á þá vegu að vísað verði almennt til *framlaga* en ekki rekstrarstyrkja þegar um er að ræða framlög á grundvelli ákvæða áðurnefndra laga og reglugerðar.

Þá benda samtökin á að vandséð er í ákvæðum grunnskólalaga að unnt sé að gera frekari kröfur til grunnskóla, sem njóta lögbundinna framlaga, en þær sem fram koma m.a. í X. kafla laganna eða áðurnefndri reglugerð. Í ljósi þessa eru því gerðar frekari athugasemdir um tilvísun til styrkja í áðurnefndri 3. mgr. 1. gr. og þeirra krafna sem gerðar eru til skólanna á grundvelli þeirrar málsgreinar, svo lengi sem þær kröfur sækja ekki skýra stoð í áðurnefndum lagaheimildum.

Þá gagnrýna samtökin að enn er ekki tekið tillit til þeirrar lögbundnu skyldu sem hvílir á grunnskólum, sjálfstætt starfandi eða opinberum, að bjóða upp á frístund fyrir nemendur skólanna, sbr. breytingar sem gerðar voru á ákvæðum grunnskólalaga með lögum nr. 76/2016 og varða rekstur frístundar á vegum grunnskóla. Með þeim breytingum sem gerðar voru á grunnskólalögum er að öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila eins og nánar er kveðið á um í 33. gr. a. laganna. Vísast hér til fyrri samskipta samtakanna og borgarinnar og þeirra athugasemda sem samtökin hafa komið þar á framfæri um mikilvægi þess að tekið verði tillit til þessa í framlögum til skólanna.

Þessu til viðbótar ítreka samtökin að samkvæmt áðurnefndri 33. gr. a. grunnskólalaga, sbr. 2. mgr. ákvæðisins, hvílir faglegt forræði frístundaheimila á herðum viðkomandi sveitarfélaga og því ber sjálfstætt starfandi grunnskólum að semja við þau um rekstur slíkra heimila. Ef slíkum samningi er ekki komið á vegna atvika er varða viðkomandi sveitarfélag þá blasa við sjálfstætt starfandi grunnskólum tveir valkostir. Annars vegar að koma börnum fyrir í frístund hjá sveitarfélaginu eða innheimta af foreldrum kostnað vegna þeirrar þjónustu sem veitt er utan skólatíma, sem eftir atvikum getur numið á bilinu 30.-35. þúsund krónum á mánuði. Ætla má að foreldrar geti þá sótt þann kostnað til borgarinnar í eigin nafni svo lengi sem borgin taki ekki við börnum samkvæmt fyrri valkosti.

Ítrekast í þessu samhengi að samkvæmt áðurnefndri 2. mgr. 33. gr. a. grunnskólalaga ber sveitarstjórn einnig ábyrgð á samþættingu skóla- og frístundastarfs. Telja samtökin að þar undir falli sú skylda að tryggja börnum samfellu í námi og frístund og því vandséð hvernig slík samfella náist með því að sækja frístund fjarri skóla. Því er mikilvægara en ella að tryggja samvinnu borgarinnar og skóla um frístund og þ.m.t. að tryggja framlög í þágu nemenda vegna frístundar.

Því er mikilvægt að mati samtakanna að leysa umrætt álitamál er viðkemur rekstri frístundaheimila á þá leið að samið verði um framlag vegna þess reksturs við boðaða endurnýjun þjónustusamninga.

Er framangreindum athugasemdum hér með komið á framfæri við skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Samtökin gera að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi samningsdrög. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

F. h. Samtaka sjálfstætt starfandi skóla  
Sara Dögg Svanhildardóttir, formaður



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

Skóla - frístundasvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Umsögn um drög að þjónustusamningi skv. bréfi dags. 30. nóvember 2018

Drögin eru í Word-skjali dagsett 12. september 2018 – SFS2013090060

1. Í fyrstu málsgrein mætti setja „ses“ á eftir nafni skólans eins og fram kemur í þjóðskrá og fyrirtækjaskrá sem segir til um að skólinn sé sjálfseignastofnun:  
6002694889 Skóli Ísaks Jónssonar ses. Bólstaðarhlíð 20 105 Reykjavík
2. Í annarri málsgrein 2. gr. ætti að standa:  
Greitt er framlag vegna **allt að** 199 nemenda.
3. Í fjórðu málsgrein 2. gr. er tekið fram að framlag sé greitt með 9 greiðslum og ekki sé greitt fyrir júní, júlí og ágúst. Þetta kann að misskiljast þar sem ¼ af júní og ¼ af ágúst hafa fylgt greiðslum þar sem skólaárið miðast við 9 ½ mánuð (9,5 mánuði). Hingað til hefur hver greiðsla verið Hagstofufalan / 9,5 \* 1,0 en í september og maí er stuðullinn 1,25 en ekki 1,0. Öll sveitarfélög miða nú við 9,5 mánaða regluna og spurning hvor megi hafa þessa málsgrein aðeins nákvæmari.
4. Í fyrstu málsgrein 3. gr. er tekið fram að skólanum sé heimilt að taka gjald af foreldrum vegna kennslu og skólamáltíða. Þarna mætti einnig nefna frístund enda er hún samþættur hluti af skólarekstri og í öllu samkvæmt breyttum lögum nr. 91/2008 þar sem kveðið er á um skyldu um rekstur frístundaheimila.
5. Milli 7. gr. og 8. gr. eða annars staðar í samningum ætti að okkar mati að vera kafli um skyldu skólans til að reka frístundaheimili. Í breyttum lögum nr. 91/2008 stendur: „Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.“ Það væri því eðlileg tilvísun til þess að sérstakur samningur verði gerður um frístund og þannig geta þessir samningar því kallast á.
6. Í 9. gr. fyrstu málsgrein er talaðu um „endurskoðaðan ársreikning.“ Þar ætti að okkar mati að standa „staðfestur ársreikningur“.



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

7. Hvað varðar umfjöllun um styrki í stað framlaga í þriðju málsgrein 1. gr. þá viljum við benda á umsögn SSSK um það sama atriði. Þetta orðalag er líklega tilkomið vegna handbókar Reykjavíkurborgar og reglna um styrki en á ekki við um lögbundið framlag vegna grunskólareksturs.
8. Að öðru leyti sjáum við ekkert því til fyrirstöðu að undirrita þjónustusamninginn þar sem öllum skilyrðum er uppfyllt í meðfylgjandi bréfi sem hér er vísað í.

Með vinsemd og virðing,  
Sigríður Anna Guðjónsdóttir

Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskóla  
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur  
Borgartúni 12 - 14  
105 Reykjavík



Reykjavík 22. nóvember 2018

## Umsögn um drög að nýjum þjónustusamningi á milli rekstraraðila Tjarnarskóla og Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Fallist er í stórum dráttum á orðalag í drögum að nýjum þjónustusamningi en tekið er undir þau atriði og ábendingar sem hafa verið sendar frá Samtökum sjálfstæðra skóla (SSSK).

Lagðar eru til eftirfarandi breytingartillögur:

- a) Í 2. grein um rekstrarframlag kemur fram: Greitt er framlag vegna 53 nemenda.

Tillaga að breytingum: Miðað skal við að hámarkstala nemenda með lögheimili í Reykjavík sé 53.

Skólanum ber að skila til SFS starfsáætlun, þ.m.t. upplýsingum um fjölda nemenda á komandi skólaári, eigi síðar en 1. maí ár hvert. Listi yfir nemendur sem stunda nám í skólanum í ágústlok skal sendur SFS eigi síðar en 1. september. Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur þegar þess er óskað.

- b) Þar sem umsóknaferli um skólavist er engan veginn lokið 1. maí ár hvert, heldur í fullum gangi, er óskað eftir þeirri breytingu að fella út það viðmið að skila þessum upplýsingum „eigi síðar en 1. maí ár hvert“.

Skólanum er jafnframt skylt að veita sviðinu aðgang að nemendaskrá og upplýsingar um innritaða nemendur sem eiga lögheimili í Reykjavík þegar þess er óskað.

- c) Varðandi skil á starfsáætlun og skil á henni er óskað eftir að krafa um tímasetningu hennar sé hin sama og gildir um grunnskóla sem eru reknir af Reykjavíkurborg.

d) Varðandi 9. gr. Ársskýrsla.

Rétt væri að láta koma fram að reikningsár skólans er frá 1. ágúst til 31. júlí ár hvert og miðast því ársreikningur við það tímabil.

Virðingarfyllt,

f.h. Tjarnarskóla ehf.

*Margrét Thordórsdóttir*